

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

16. apríl 2012

Gildistaka:

16. apríl 2012

Númer:

RS:1/2012

Efni: Eftirlit ríkissaksóknara með hlustunum lögreglu

Vegna eftirlitshlutverks ríkissaksóknara með símahlustunum og öðrum sambærilegum úrræðum sem tilgreind eru í XI. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, þ.ám. eftirliti með tilkynningum lögreglustjóra um aðgerðir skv. 80.-82. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 85. gr. s.l., beinir ríkissaksóknari eftirgreindum fyrirmælum til lögreglustjóra og sérstaks saksóknara:

1. Tilkynna skal ríkissaksóknara um lok hlustunar, hvenær og með hvaða hætti (við skýrslutöku, bréflaga o.s.frv.) hlustunarþola var tilkynnt um aðgerðina/hlustunina, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008. Tilkynningar þessar sendist á sex mánaða fresti með því að fylla út þar til gerðan lista sem ríkissaksóknari sendir embættunum með rafrænum hætti.

Hafi ríkissaksóknara ekki borist tilkynning um lok hlustunar ári eftir að hún var fyrst heimiluð mun ríkissaksóknari tilkynna hlustunarþola um hlustunina.

Telji lögreglustjóri eða sérstakur saksóknari að það skaði frekari rannsókn málsins að tilkynna um hlustunina, þrátt fyrir að ár sé liðið frá því að hún var fyrst heimiluð, skal hann gera ríkissaksóknara grein fyrir þessu mati sínu og á hverju það byggist. Ríkissaksóknari tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort tilkynna beri um hlustunina. Berist ríkissaksóknara ekki framangreint mat mun ríkissaksóknari tilkynna hlustunarþola um hlustunina.

2. Ákvörðun um að hlustun skuli beinast að nýju símanúmeri hjá hlustunarþola skal tekin af ákæranda og skal sú ákvörðun rökstudd. Rökstuðningurinn fylgi gögnum málsins.

3. Á sex mánaða fresti skulu lögreglustjórar og sérstakur saksóknari gera ríkissaksóknara grein fyrir eyðingu á upptökum (frumrit og öll afrit) af símtölum, hljóðupptökum, myndum eða öðrum upplýsingum, sem aflað er á þann hátt er greinir í 80.-82. gr. laga nr. 88/2008, enda hafi þær ekki verið lagðar fyrir dóm, sbr. 1. mgr. 85. gr. sl.

Fyrirmæli þessi eru afturvirk að því leyti að ríkissaksóknari mun, í kjölfar gildistöku fyrirmælanna, óska eftir upplýsingum skv. 1. mgr. 1. tölul. og 3. tölul. frá og með 1. janúar 2009.

Sigríður J. Friðjónsdóttir